BRÁÐABIRGÐALÖG

133
31. des.

um viðauka við lög nr. 128/1947 um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér eftirfarandi:

Hinn 19. des. s. l. reiknaði Kauplagsnefnd út húsaleiguvísitölu samkvæmt 6. gr. laga nr. 39/1943, og lagði þá til grundvallar hina almennu vísitölu eins og hún var 1. des. 1947. Nú er svo mælt í 12. gr. laga nr. 128/1947, að hvarvetna, þar sem fjárhæð starfslauna og annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu, megi ekki, meðan þau lög eru í gildi, miða við verðlagsuppbót hærri en 300, og í 15. gr. sömu laga er m. a. svo ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu vísitölunnar, enda er þar sérstök áherzla lögð á það, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu vísitölunnar. Þegar þessi ákvæði voru samin og sett var til þess ætlazt, að húsaleiguvísitalan yrði frá 1. janúar 1948 reiknuð út á grundvelli almennrar vísitölu 300. Samkvæmt þessu kveðst forsætisráðherra hafa með bréfi, dags. 30. des. s. l., falið Kauplagsnefnd að reikna út nýja húsaleiguvísitölu, þar sem hin almenna vísitala 300 væri lögð til grundvallar, en Kauplagsnefnd hafi í bréfi sínu í dag neitað að verða við þessum fyrirmælum og vefengt heimild til þeirra. Til þess að girða fyrir þá töf, sem þessi neitun Kauplagsnefndar gæti valdið á framkvæmd laga nr. 128/1947, þykir brýna nauðsyn til bera að setja henni í lagaformi þau fyrirmæli, er hún fái ekki vefengt.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Kauplagsnefnd skal nú þegar reikna út nýja húsaleiguvísitölu, er gildi frá 1. janúar til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna vísitala 300.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.